

Heilbrigðisstofnun Vesturlands
08 716

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Starfsþáttayfirlit	7
Skýringar	8

Heilbrigðisstofnun Vesturlands

kt. 630909-0740

Merkigerði 9, 300 Akranes

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Heilbrigðisstofnun Vesturlands er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs, sem samanstendur af átta starfsstöðvum á Vesturlandi. Á svæðinu eru reknar átta heilsugæslustöðvar og á fjórum stöðum eru rekin sjúkrahús og/eða hjúkrunardeildir. HVE veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Vesturlands í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma. Starfsemin skiptist á þrjú málefnasvið eftir meginviðfangsefnum þ.e. heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasvið eins og þau eru skilgreind í lögum um opinber fjármál, er veitt íbúum umdæmisins og öðrum sem eftir henni leita. Hlutverk heilsugæslusviðs er að veita almenna lækniþjónustu, hjúkrun, heilsuvernd, forvarnir, slysa- og bráðapjónustu og annast sjúkraflutinga. Hlutverk sjúkrasviðs er að starfrækja umdæmissjúkrahús, almenn sjúkrarými og endurhæfingu. Hlutverk hjúkrunarsviðs er að starfrækja hjúkrunarrými á starfssvæðinu þar sem slík þjónusta er ekki veitt af öðrum. Lögð er áhersla á virðingu, traust og fagmennsku. Velferð skjólstæðinga skal höfð að leiðarljósi. Stuðlað er að virkri sí- og endurmenntun starfsfólks. HVE tekur þátt í menntun heilbrigðisstétta í samvinnu við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og aðrar menntastofnanir.

Starfsemin fellur undir málefnasvið og málaflokk samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 8.933,8 milljónir og afkoma kr. -166,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -256,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.447,6 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Heilbrigðisstofnunar Vesturlands fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	7.984.446.509	7.074.516.669
Seld þjónusta	3	710.659.324	686.424.702
Vörusala		43.210.869	0
Framlög og ýmsar tekjur	4	111.083.319	125.660.976
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	84.441.305	74.793.543
Tekjur samtals		8.933.841.326	7.961.395.890
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	6.131.778.277	5.444.882.619
Annar rekstrarkostnaður	6	2.884.353.526	2.565.019.898
Afskriftir og niðurfærslur	7	84.441.305	74.793.543
Gjöld samtals		9.100.573.108	8.084.696.060
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(166.731.782)	(123.300.170)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		685.179	923.104
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(357.043)	(12.522.847)
		328.136	(11.599.743)
Afkoma ársins		(166.403.646)	(134.899.913)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(166.403.646)	(145.274.913)
Rekstrartilfærslur		0	10.375.000
		(166.403.646)	(134.899.913)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Handbært fé		77.827.906	145.879
Viðskiptakröfur		149.685.040	181.632
Tengdir aðilar	8	653.498.355	599.611.279
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	9	21.089.603	40.503.041
Birgðir	10	44.493.353	61.121.636
Varanlegir rekstrarfjármunir	11	498.664.206	380.147.990
Óefnislegar eignir	12	2.317.677	3.049.574
Eignir samtals		<u>1.447.576.140</u>	<u>1.084.761.031</u>
Skuldir			
Lánastofnanir	13	0	2.574.791
Tengdir aðilar	8	433.408.394	18.939.587
Viðskiptaskuldir		149.917.795	170.253.537
Ýmsar skammtímaskuldir	14	498.409.821	453.008.035
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	15	622.593.661	530.334.966
Skuldir samtals		<u>1.704.329.671</u>	<u>1.175.110.916</u>
Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals		(256.753.531)	(90.349.885)
Eigið fé	16		
Hrein eign		(256.753.531)	(90.349.885)
Eigið fé samtals		<u>(256.753.531)</u>	<u>(90.349.885)</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.447.576.140</u>	<u>1.084.761.031</u>
Aðrar upplýsingar	17		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(166.403.646)	(134.899.913)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	84.441.305	74.793.543
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(84.441.305)	(74.793.543)
		<u>(166.403.646)</u>	<u>(134.899.913)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(130.089.970)	(33.514.205)
Tengdir aðilar		335.056.107	231.002.856
Birgðir		16.628.283	3.778.459
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>22.491.253</u>	<u>(66.353.558)</u>
		244.085.673	134.913.552
		<u>77.682.027</u>	<u>13.639</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>77.682.027</u>	<u>13.639</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		0	(3.659.488)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	(202.225.624)	(151.276.451)
		<u>(202.225.624)</u>	<u>(154.935.939)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		25.525.624	61.935.939
Fjárfestingarframlag		<u>176.700.000</u>	<u>93.000.000</u>
		202.225.624	154.935.939
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		<u>145.879</u>	<u>132.240</u>
Handbært fé í árslok		<u>77.827.906</u>	<u>145.879</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024	7.446.400.000	0	46.700.000	7.493.100.000
Fjáraukalög	160.000.000	0	0	160.000.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	7.606.400.000	0	46.700.000	7.653.100.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda				
Launabætur	190.900.000	0	0	190.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	173.946.509	0	130.000.000	303.946.509
Millifærslur frá varasjóði	13.200.000	0	0	13.200.000
Fjárveiting ársins	7.984.446.509	0	176.700.000	8.161.146.509
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023, (umframráðstafað)	(117.733.593)	10.375.000	147.137.402	39.778.809
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	7.866.712.916	10.375.000	323.837.402	8.200.925.318
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(8.150.850.155)	0	(202.225.624)	(8.353.075.779)
Staða fjárveitinga í lok árs 2024	(284.137.239)	10.375.000	121.611.778	(152.150.461)

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2024, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Heilsugæslusvið 08 716 101	Sjúkrasvið 08 716 111	Hjúkrunarrými 08 716 121	Samtals 2024
	Málefnasvið - málaflokkur			
	24 10	23 20	25 10	
Tekjur				
Tekjufærsla fjárveitinga	2.816.599.873	3.960.200.000	1.207.646.636	7.984.446.509
Seld þjónusta	116.758.442	541.112.269	52.788.613	710.659.324
Vörusala	38.379.081	4.563.430	268.358	43.210.869
Framlög og ýmsar tekjur	10.171.004	96.287.464	4.624.851	111.083.319
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrir ára	20.541.886	59.818.030	4.081.389	84.441.305
Tekjur samtals	3.002.450.286	4.661.981.193	1.269.409.847	8.933.841.326
Gjöld				
Laun og launatengd gjöld	1.629.046.854	3.594.575.554	908.155.869	6.131.778.277
Annar rekstrarkostnaður	1.478.542.849	1.078.253.012	327.557.665	2.884.353.526
Afskriftir	20.541.886	59.818.030	4.081.389	84.441.305
Gjöld samtals	3.128.131.589	4.732.646.596	1.239.794.923	9.100.573.108
Afkoma fyrir fjármagnsliði	(125.681.303)	(70.665.403)	29.614.924	(166.731.782)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	0	685.179	0	685.179
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(6.034)	(351.009)	0	(357.043)
	(6.034)	334.170	0	328.136
Afkoma ársins	(125.687.337)	(70.331.233)	29.614.924	(166.403.646)

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:

Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	2.734.900.000	3.625.700.000	1.085.800.000	7.446.400.000
Fjárlagsgjöld	0	160.000.000	0	160.000.000
Launbætur	72.000.000	93.800.000	25.100.000	190.900.000
Millifært úr varasjóð	4.500.000	7.200.000	1.500.000	13.200.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	5.199.873	73.500.000	95.246.636	173.946.509
Fjárveiting til tekna	2.816.599.873	3.960.200.000	1.207.646.636	7.984.446.509
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(2.942.287.210)	(4.030.531.233)	(1.178.031.712)	(8.150.850.155)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(125.687.337)	(70.331.233)	29.614.924	(166.403.646)
Staða fjárveitinga 2023 í lok þess árs	68.236.419	(199.575.703)	23.980.691	(107.358.593)
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum				
Rekstur	(67.825.918)	(269.906.936)	53.595.615	(284.137.239)
Rekstrartilfærslur	10.375.000	0	0	10.375.000
	(57.450.918)	(269.906.936)	53.595.615	(273.762.239)
Fjárfestingar				
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum	4.200.000	41.200.000	1.300.000	46.700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	0	130.000.000	0	130.000.000
Fjárfesting á árinu	(31.568.888)	(160.504.203)	(10.152.533)	(202.225.624)
Staða fjárfestingafjárveitingar	(27.368.888)	10.695.797	(8.852.533)	(25.525.624)
Staða fjárfestinga 2023 í lok þess árs	(7.080.101)	161.947.529	(7.730.026)	147.137.402
Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2024	(34.448.989)	172.643.326	(16.582.559)	121.611.778

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	10 ár / óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluðegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Starfspáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfspáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2024	2023
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	7.984.446.509	7.074.516.669
Tekjufærsla frestaðra tekna	84.441.305	74.793.543
	8.068.887.814	7.149.310.212

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	7.446.400.000	0	0	7.446.400.000
Fjárlög	160.000.000	0	0	160.000.000
Launabætur	190.900.000	0	0	190.900.000
Millifært úr varasjóð	13.200.000	0	0	13.200.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	173.946.509	0	0	173.946.509
Fjárveiting til tekna	7.984.446.509	0	0	7.984.446.509
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(8.150.850.155)	0	0	(8.150.850.155)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(166.403.646)	0	0	(166.403.646)

	2024	2023
3 Seld þjónusta		
Sérfræðipjónusta	620.230.359	622.816.427
Ýmsar þjónustutekjur	10.112.886	9.542.348
Gjöld fyrir vistun	58.610.963	33.501.843
Veitinga- og gistinguþjónusta	21.368.571	20.481.584
Fræðslustarfsemi og fundir	336.545	82.500
	710.659.324	686.424.702

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	105.833.319	80.750.019
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	5.250.000	2.912.237
Ýmsar tekjur	0	41.998.720
	111.083.319	125.660.976

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	4.888.428.940	4.356.765.179
Orlof, breyting	40.945.106	30.040.475
Launatengd gjöld	1.163.216.218	1.049.559.810
Starfsmannakostnaður	39.188.013	8.517.155
	6.131.778.277	5.444.882.619
Meðalfjöldi stöðugilda	340,6	321,2

Skýringar

	2024	2023
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	7.400.195	7.551.025
Byggingarvörur, almennar	375.629	165.963
Byggingarvörur, aðrar	81.097	249.154
Tæki og búnaður til innréttinga	6.693.411	3.600.030
Ýmis tæki og áhöld	17.850.200	13.237.815
Varahlutir og viðhaldsvörur	1.963.312	3.563.825
Orkugjafar	66.012.221	54.064.725
Matvæli	141.807.636	122.085.585
Almennar rekstrarvörur	37.503.407	48.295.996
Vörukaup, almenn	279.687.108	252.814.118
Rannsóknarstofuefni	66.288.962	67.517.286
Lyf og tengd efni	100.909.459	98.676.802
Lækninga- og hjúkrunarvörur	142.873.510	158.089.678
Sjúkrahústæki og áhöld	110.571.545	90.456.505
Kennslu- og föndurvörur	959.330	509.414
Ýmsar sérgreindar vörur	1.387.563	2.185.958
Vörukaup, sérgreind	422.990.369	417.435.643
Fundir, námskeið, risna	6.886.925	9.167.998
Ferðir, uppihald	5.885.075	6.908.686
Akstur	30.988.616	26.332.388
Sérfræðipjónusta	1.339.654.166	1.181.860.398
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	5.442.931	4.371.279
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.233.721	1.311.357
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	21.251.130	19.747.575
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	1.411.342.564	1.249.699.681
Samningsbundin kaup og leiga	16.276.205	26.290.644
Afnotagjöld	73.682.019	48.636.195
Leigugjöld	553.880.477	489.177.686
Notkun véla og flutningatækja	3.023.385	3.068.013
Verkkaup	76.810.533	65.954.364
Kostnaðarhlutdeild	5	0
Tryggingar, lögboðnar	4.869.346	3.286.337
Opinber gjöld	11.933.441	8.657.217
Tilfærslur	13.000	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	740.488.411	645.070.456
Vörukaup	29.845.074	0
Vörur til endursölu og birgðabreyting	29.845.074	0
Annar rekstrarkostnaður samtals	2.884.353.526	2.565.019.898
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	81.146.580	72.775.287
Farartæki og vélar	2.515.936	1.303.750
Aðrar eignir	46.892	104.592
Niðurfærsla óefnislegra eigna	731.897	609.914
	84.441.305	74.793.543

Skýringar

31.12.2024 31.12.2023

8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	147.299.805
Aðrir ríkisaðilar	653.498.355	452.311.474
	653.498.355	599.611.279

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	401.640.671	0
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	31.767.723	18.939.587
	433.408.394	18.939.587

9 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	12.414.892	31.926.969
Skattar	8.674.711	8.576.072
	21.089.603	40.503.041

10 Birgðir

Rekstrarvörubirgðir	44.493.353	61.121.636
	44.493.353	61.121.636

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreldingar þar sem við á.

11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	465.207.537	373.698.493
Farartæki og vélar	33.236.669	6.182.605
Aðrar eignir	220.000	266.892
	498.664.206	380.147.990

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2024:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2024	758.692.076	11.430.000	1.929.835	772.051.911
Viðbætur á árinu	172.655.624	29.570.000	0	202.225.624
	931.347.700	41.000.000	1.929.835	974.277.535
Afskriftir 01.01.2024	384.993.583	5.247.395	1.662.943	391.903.921
Afskrift ársins	81.146.580	2.515.936	46.892	83.709.408
	466.140.163	7.763.331	1.709.835	475.613.329
Staða 31.12.2024	465.207.537	33.236.669	220.000	498.664.206

Skýringar

	31.12.2024	31.12.2023
12 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	2.317.677	3.049.574
	<u>2.317.677</u>	<u>3.049.574</u>
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2024:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2024		3.659.488
Viðbætur á árinu		<u>0</u>
		<u>3.659.488</u>
Niðurfært 01.01.2024		609.914
Niðurfærsla ársins		<u>731.897</u>
		<u>1.341.811</u>
Staða 31.12.2024		<u>2.317.677</u>
	31.12.2024	31.12.2023
13 Skuldir við lánastofnanir		
Bankareikningslán	0	2.574.791
	<u>0</u>	<u>2.574.791</u>
14 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	481.692.613	440.747.507
Önnur ógreidd gjöld	16.717.208	12.260.528
	<u>498.409.821</u>	<u>453.008.035</u>

15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2024	31.12.2023
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga	500.981.883	383.197.564
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	121.611.778	147.137.402
	<u>622.593.661</u>	<u>530.334.966</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2024	383.197.564	147.137.402	530.334.966
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	176.700.000	176.700.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	202.225.624	(202.225.624)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(84.441.305)</u>	<u>0</u>	<u>(84.441.305)</u>
	<u>500.981.883</u>	<u>121.611.778</u>	<u>622.593.661</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2024 munu kr. 86 milljónir koma til tekna á árinu 2025.

Skýringar

16 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2024	31.12.2023
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(90.349.885)	44.550.028
Afkoma ársins	(166.403.646)	(134.899.913)
Jöfnuður 31.12.	(256.753.531)	(90.349.885)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

17 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, ýmsa aðra rekstrar- og þjónustusamninga, bílaleigusamninga og staðbundin gæsla. Árlegar greiðslur fyrir húsaleigu nema 564,1 m.kr., ýmsir rekstrar- og þjónustusamningar 96,7 m.kr., bílaleigu samninga 13,2 m.kr. og staðbundin gæsla 61,0 m.kr.

Stofnunin ber hlutdeild í lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sem látið hafa af störfum. Lífeyrisskuldbindingin hefur ekki verið skuldfærð í reikningsskil stofnunarinnar en greiðsla af henni á árinu 2024, kr. 69,7 m.kr., er gjaldfærð meðal launa.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2024.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.